


# Að breyta MSL-beiðni í frátekt


03.11.2022

Ef vill svo til að bókasafnið eða samstarfssafn á til eintak af efni sem er verið að biðja um í millisafnaláni eða lánþegi hefur óvart sent inn millisafnalánabeiðni í staðinn fyrir frátekt er hægt að breyta MSL-beiðninni í frátekt.

Til þess að breyta MSL-beiðni í frátekt þarf að fara í „Útsendar MSL- beiðnir“. Þar skal finna titilinn, fara í þrípunktinn og velja „View local resources“.



Í „View local resources“ er hægt að skoða hvaða bókasöfn eiga til eintak. Ef það er til á þínu bókasafni þá skal velja „Beiðni“ undir þrípunktunum hjá titlinum.



Hér er verið að útbúa frátektarbeiðni. Það þarf að fara yfir hana og haka við „Hætta við beiðni um útsenda MSL-beiðni í millisafnaláni“. Svo skal smella á „Senda inn“.

Búa til beiðni

Tegund beiðni \* Beiðni lánþega um áþreifanlegt eintak

Beiðandi \* Sesselja Þí Jónsdóttir

Athugasemd Publication date: 1981.

Afhendingarstaður \* Ekkert starfssvæði: Bókasafn Ölfuss

Hnekkja reglum um beiðni í hillu

Hætta við beiðni um útsenda MSL-beiðni í millisafnaláni

Millisafnalánabeiðnin fær stöðuna „starfsmaður hætti við“ og frátektarbeiðni hefur orðið til í staðinn. Ef eintakið er tiltækt þá er frátektarbeiðnin komin inn á verkefnalista starfsmanna um að sækja í hillu. Að öðrum kosti fer lánþeginn á biðlista eftir næsta eintaki sem losnar.